

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæði í utanverðum Breiðafirði.

1. gr.

Frá 13. september 2019 eru allar veiðar á sæbjúgum óheimilar á veiðisvæði í utanverðum Breiðafirði sem afmarkast að eftirfarandi hnitum:

1. 64°50,00 N – 23°12,00 V
2. 64°50,00 N – 25°00,00 V
3. 65°30,00 N – 25°00,00 V
4. 65°30,00 N – 23°38,45 V
5. 65°26,85 N – 23°38,75 V
6. 65°00,00 N – 23°12,00 V
7. 64°50,00 N – 23°12,00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi og fellur úr gildi 31. ágúst 2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. september 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.